



BANKASÝSLA RÍKISINS



Yfirlýsing um áhuga vegna hlutverks söluráðgjafa í
sölumeðferð á eignarhlutum íslenska ríkisins í Íslandsbanka hf.

Febrúar 2021

11. febrúar 2021

Ríkiskaup Fyrir hönd Bankasýslu ríkisins

Efni: Hlutverk í tengslum við sölu á hlut í Íslandsbanka hf.

Íslenskir fjárfestar hf. lýsa með bréfi þessu yfir vilja og áhuga á að koma að alþjóðlegu frumútboði á eignarhlutum íslenska ríkisins í Íslandsbanka hf. sem söluráðgjafi.

Vísað er til bréfs Ríkiskaupa, dagsett 2. febrúar sl., sem birt var á vef stofnunarinnar þar sem Ríkiskaup óska eftir yfirlýsingum vegna áhuga á mögulegu hlutverki fjármálaráðgjafa og umsjónaraðila í tengslum við sölu íslenska ríkisins á eignarhlutum í Íslandsbanka hf.

Aðkoma Íslenskra fjárfesta hf. að sölu á hlutum í Íslandsbanka hf.

Íslenskir fjárfestar hafa áhuga á að koma að sölumeðferð hluta í Íslandsbanka sem söluráðgjafi og nýta þannig þekkingu sína, reynslu starfsmanna og tengslanet til að ná til enn breiðari fjárfestahóps en ella. Eins og farið er betur yfir hér að neðan hefur félagið á að skipa reynslumiklu teymi sem hefur komið að fjölda verkefna á verðbréfamarkaði undanfarin 15 ár. Teymið hefur greint innlendar hagstærðir og hlutafélög, þ.á.m. banka, og kynnt fjárfestingakosti á Íslandi fyrir erlendum fjárfestum sem og innlendum með mjög góðum árangri síðustu ár.

Íslenskir fjárfestar telja að félagið og starfsmenn þess hafi mikið fram að færa sem söluráðgjafi í þessu ferli og að líkurnar á vel heppnuðu útboði aukist ef óháður aðili eins og Íslenskir fjárfestar komi að sölunni á hlut ríkisins í Íslandsbanka. Aðkoma félagsins að söluferlinu mun vafalaust stuðla að aukinni samkeppni og fjölbreytileika á íslenskum fjármálamarkaði

Almennt um Íslenska fjárfesta hf.

Íslenskir fjárfestar hf. er óháð verðbréfafyrirtæki sem þjónustar fjárfesta, jafnt innlenda sem erlenda, á sviði verðbréfamíðlunar og fjárfestingaráðgjafar. Íslenskir fjárfestar annast miðlun innlendra og erlendra verðbréfa, jafnt skráðra sem óskráðra, auk þess sem félagið hefur sérhæft sig í miðlun fjárfestinga í erlendum verðbréfa- og fagfjárfestastjóðum (e. private equity, private credit). Viðskiptavinir félagsins eru mestmegnis innlendir og erlendir stofnanafjárfestar svo sem verðbréfasjóðir, vogunarsjóðir, bankar og tryggingafélög. Félagið hefur verið aðili að Kauphöll Íslands, Nasdaq Iceland, frá árinu 1997.

Félagið hóf starfsemi sína árið 1994 sem verðbréfamíðlun. Í dag eru Íslenskir fjárfestar verðbréfafyrirtæki sem starfar samkvæmt heimild og undir eftirliti Seðlabanka Íslands. Íslenskir fjárfestar fengu starfsleyfi sem verðbréfafyrirtæki árið 2016 og tekur starfsleyfið til móttöku og miðlunar fyrir mæla frá viðskiptavinum um einn eða fleiri fjármálagerninga, framkvæmdar fyrir mæla fyrir hönd viðskiptavina og fjárfestingarráðgjafar, sbr. a-, b-, og d-liði 6. tölul. 1. mgr. 3.gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

Íslenskir fjárfestar veita viðskiptavinum sínum óháða og faglega fjárfestingaráðgjöf í samræmi við starfsleyfi sitt. Félagið rekur ekki eigin sjóði eða eignastýringu og stundar ekki viðskipti fyrir eigin reikning og lágmarkar með því líkur á hagsmunaaárekstrum í starfsemi sinni auk þess sem félagið hefur sett sér ítarlegar innri starfsreglur og ferla með það að markmiði að auka traust og trúverðugleika viðskiptavina á fjármálamörkuðum og félaginu sjálfu.

Starfsmenn félagsins eru átta og hafa víðtæka reynslu af störfum á fjármálamarkaði bæði innanlands og erlendis. Starfsmenn félagsins hafa unnið við áhættustýringu, eigin viðskipti, eignastýringu, sjóðastýringu, einkabankapjónustu, efnahags- og hlutabréfagreiningu, markaðsviðskipti o.fl. og hafa því víðtæka og fjölbreytta reynslu að baki. Tengslanet starfsmanna innan og utan landssteinanna er mjög sterkt og hafa starfsmenn félagsins komið að fjölmörgum stórum verkefnum á fjármálamarkaði undanfarin ár.

Íslenskir fjárfestar eru alfarið í eigu starfsmanna sem hafa lagt mikla áherslu á sjálfbærni í uppbyggingu félagsins síðastliðin ár. Þar hefur einna helst verið horft til stjórnarhátta félagsins með markmið um traust og trúverðugleika fjármálamarkaðarins að leiðarljósi. Einnig hefur verið lögð rík áhersla á félagslega þætti og samfélagslega ábyrgð með því að styðja við ýmis málefni og félagasamtök. Gildi félagsins eru heiðarleiki, arðbær samvinna og fagþekking.

Ferilskrár þeirra starfsmanna sem að verkefninu koma

Þeir starfsmenn félagsins sem myndu taka þátt í sölufurlinu væru:

Hannes Árdal

Hannes er framkvæmdastjóri Íslenskra fjárfesta ásamt því að starfa við miðlun verðbréfa. Hann hefur mikla reynslu af miðlun stærri viðskipta erlendra aðila (e. block trades) á íslenskum verðbréfamarkaði. Hann gekk til liðs við Íslenska fjárfesta árið 2017 og tók við sem framkvæmdastjóri ári síðar. Áður starfaði hann hjá Fossum mörkuðum þar sem hann var meðal stofnenda. Hann hefur starfað á sviði áhættustýringar og markaðsviðskipta frá árinu 2005 meðal annars hjá Straumi fjárfestingabanka, Arion banka og Kaupþingi. Hann er með B.Sc. gráðu í stærðfræði og M.Sc. gráðu í fjármálaverkfræði frá Háskóla Íslands ásamt því að vera löggiltur verðbréfamiðlari.

Gunnar Freyr Gunnarsson

Gunnar starfar hjá Íslenskum fjárfestum við miðlun hlutabréfa og hefur mikla reynslu af miðlun stærri viðskipta erlendra aðila (e. block trades) á íslenskum verðbréfamarkaði. Hann hóf störf hjá félaginu árið 2018 en hefur starfað frá 2005 á sviði einkabankapjónustu og markaðsviðskipta hjá Arion banka, Íslandsbanka, Straumi fjárfestingabanka og Fossum mörkuðum þar sem Gunnar var einn af stofnendum félagsins. Hann er með B.Sc. gráðu í viðskiptafræði frá Háskólanum í Reykjavík, M.Sc. gráðu í Fjármálum og alþjóðaviðskiptum frá Háskólanum í Aarhus ásamt því að vera löggiltur verðbréfamiðlari.

Sigurður Hreiðar Jónsson

Sigurður hóf störf hjá Íslenskum fjárfestum árið 2017 við miðlun verðbréfa með áherslu á skráð hlutabréf. Hann hefur starfað í fjármálageiranum frá árinu 2003 m.a. á sviði einkabankapjónustu og markaðsviðskipta hjá Arion banka, Íslenskum verðbréfum, Straumi fjárfestingabanka og Íslandsbanka þar sem hann gegndi stöðu forstöðumanns eigin viðskipta. Sigurður er með B.Sc. gráðu í viðskiptafræði frá Háskólanum í Reykjavík.

Þorbjörn Atli Sveinsson

Þorbjörn Atli starfar hjá Íslenskum fjárfestum við miðlun verðbréfa og greiningar á hagstærðum og íslenskum verðbréfamarkaði. Hann hefur áralanga reynslu af að þjónusta erlenda aðila við að greina innlendan verðbréfamarkað og kynna Ísland sem fjárfestingakost. Þorbjörn Atli hefur starfað í fjármálageiranum frá árinu 2007 á sviði markaðsviðskipta og greininga, meðal annars hjá Straumi fjárfestingabanka og Arion banka þar sem hann gegndi um tíma stöðu staðgengils forstöðumanns greiningardeildar. Áður en Þorbjörn gekk til liðs við Íslenska fjárfesta var hann yfirhagfræðingur hjá Fossum mörkuðum þar sem hann var einnig meðal stofnanda félagsins. Þorbjörn Atli er með B.A. gráðu í hagfræði frá Háskóla Íslands og hefur sinnt stundakennslu í hagfræðideild Háskóla Íslands og Háskólanum á Bifröst.

Tómas Karl Aðalsteinnsson

Tómas Karl hóf störf hjá Íslenskum fjárfestum árið 2018 á sviði viðskiptaþróunar. Hann hefur mikla reynslu af alþjóðlegum fjármálamörkuðum eftir störf sín hjá UBS International New York, Stefni og Landsbankanum. Hann hefur starfað í fjármálageiranum frá árinu 2006 á sviði eignastýringar og markaðsviðskipta. Tómas Karl er með B.Sc. gráðu í iðnaðarverkfræði frá Háskóla Íslands ásamt því að vera löggiltur verðbréfamiðlari.

Almennt um reynslu og hæfni þeirra aðila sem að verkefninu koma

Starfsmenn Íslenskra fjárfesta hafa víðtæka reynslu að miðlun verðbréfa á Íslandi og hafa á liðnum árum unnið ötulst starf við að kynna íslenskan verðbréfamarkað fyrir erlendum fagfjárfestum í formi greininga á íslenskum hagstærðum og verðbréfum, þar á meðal hlutabréfum í fjármálafyrirtækjum og bönkum. Í kjölfar efnahagskreppunnar 2008 voru núverandi starfsmenn félagsins meðal brautryðjenda að fá erlenda fjárfesta aftur til Íslands og auka trúverðugleika þeirra á íslenskum verðbréfamarkaði.

Starfsmennirnir hafa umtalsverða reynslu af greiningum á erlendum og innlendum fjármálafyrirtækjum í gegnum störf sín fyrir innlendar greiningardeildir og erlenda banka ásamt því að hafa stýrt stærrri hlutabréfasjóðum sem fjárfesta meðal annars í innlendum og erlendum bönkum og fjármálafyrirtækjum. Auk þess ber að nefna að teymið býr yfir mikilli reynslu í að opna reikninga gagnvart erlendum aðilum og para viðskipti í gegnum erlenda vörsluaðila (e. settlement).

Í kjölfar þess að núverandi starfsmenn Íslenskra fjárfesta gengu til liðs við félagið á árunum 2017 og 2018 hefur fyrirtækið skapað sér sterka stöðu á innlendum verðbréfamarkaði og stuðlað að aukinni samkeppni og dýpri verðmyndun á innlendum verðbréfamarkaði.

Markaðshlutdeild Íslenskra fjárfesta í Kauphöll Íslands hefur hækkað jafnt og þétt frá árinu 2017 og var á síðasta ári 11,4% í öllum viðskiptum. Þegar einungis er horft til tilkynntra viðskipta, þar sem paraðir eru saman kaupendur og seljendur í stærra viðskiptum, var hlutdeild félagsins 17,0% árið 2020. Hlutdeild Íslenskra fjárfesta í viðskiptum með hlutabréf bankanna tveggja sem skráðir eru í Kauphöll Íslands í dag, Arion banka og Kviku banka, er u.þ.b. 14,5% það sem af er árinu 2021.

Ár	Tilkynnt viðskipti		Öll viðskipti	
	Hlutdeild	Sæti	Hlutdeild	Sæti
2018	12,1%	5	9,4%	6
2019	13,5%	4	10,4%	6
2020	17,0%	2	11,4%	6

Á meðal stórviðskipta (e. block trades) sem teymi Íslenskra fjárfesta hefur komið að eru eftirfarandi.

Stærri hlutabréfaviðskipti (e. block trades)		
Fyrirtæki	Markaðsvirði (mlSK)	% af útgefnu hlutfé
Eimskip IPO	8.300	28%
Eimskip	5.200	10%
Marel	4.000	4%
Icelandair	2.500	10%
Arion banki	1.500	1%
Brim	1.450	3%
Skeljungur	900	5%
Icelandic Seafood	600	5%

Íslenskir fjárfestar hafa einnig sinnt endurkaupum á eigin hlutum skráðra íslenskra hlutafélaga. Meðal annars sá félagið um endurkaup fyrir Festi hf. á haustmánuðum 2019 en þau fóru fram að hluta til með svokölluðu öfugu útboðsfyrirkomulagi (e. reverse offer). Einnig mun félagið sjá um endurkaup fyrir Vátryggingarfélag Íslands hf. (VÍS) sem fyrirhuguð eru á fyrsta ársfjórðungi 2021. Starfsmenn félagsins hafa áður komið að endurkaupum fyrir Vátryggingafélag Íslands hf. og Össur hf.

Starfsmenn félagsins hafa komið að útgáfum skuldabréfa, bæði með almennu útboðsfyrirkomulagi auk beinnar sölu. Þá hafa starfsmenn Íslenskra fjárfesta aðstoðað útgefendur skuldabréfa og veitt ráðgjöf um val á hagkvæmum fjármögnunarleiðum.

Upplýsingar um tengiliði

Hannes Árdal, framkvæmdastjóri, hannes.ardal@fjarfestar.is, 532-8010/858-6666

Gunnar Freyr Gunnarsson, gunnar.gunnarsson@fjarfestar.is, 532-8020/857-7585

Tómas Karl Aðalsteinsson, tomas.adalsteinsson@fjarfestar.is, 532-8007/868-4579

Um starfsleyfi Íslenskra fjárfesta hf.

Íslenskir fjárfestar fengu starfsleyfi sem verðbréfafyrirtæki árið 2016 og tekur starfsleyfið til móttöku og miðlunar fyrir mæla frá viðskiptavinum um einn eða fleiri fjármálagerninga, framkvæmdar fyrir mæla fyrir hönd viðskiptavina og fjárfestingarráðgjafar, sbr. a-, b-, og d-liði 6. tölul. 1. mgr. 3.gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

Yfirlit yfir starfsheimildir Íslenskra fjárfesta hf. má finna á heimasíðu Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands, https://www.fme.is/media/eftirlitsstarfssemi/Yfirlit-yfir-starfsheimildir_FME_03.03.2020.pdf

Staðfestingar

Íslenskir fjárfestar hf. staðfesta eftirfarandi:

- Að hafa kynnt sér ákvæði laga nr. 155/2012
- Að hafa kynnt sér sjálfbærnistefnu og markmið Íslandsbanka
- Að heimilt sé að birta þessa yfirlýsingu og viðauka hennar með opinberum hætti

Viðaukar

Með yfirlýsingu þessari fylgja eftirfarandi viðaukar í samræmi við forskrift bréfs Ríkiskaupa:

- Transactional experience of potential interested financial advisors and underwriters
- Appendix A
- Appendix B

Virðingarfyllst,

Jóhannes Ardal
Icelandic Investors Ltd.

f.h. Íslenskra fjárfestar hf.